

Trampólín: Neytendur og Seljendur!

Nú er sumar og gaman að ærslast utan dyra og í góðum félagsskap. Eitt af þeim sumartækjum sem eru hvað vinsælust eru Trampólínin. Trampólínum á íbúðarsvæðum hefur fjölgað síðustu ár. Röng staðsetning og notkun þess hefur þó gert það að verkum að Trampólínið er eitt af hættulegustu sumartækjum landans.

Samkvæmt tölum úr sjúkraskáningakerfi frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi voru komur á slysa- og bráðadeild af völdum trampólína alls 85 árið 2007 en árið áður, eða 2006 voru komurnar alls 129. Þeir sem hafa komið vegna áverka af völdum notkunar á trampólíni frá janúar til júní á þessu ári voru samtals 61. Langflest þessara slysa eiga sér stað á íbúðarsvæðum, en einungis örfá slys á svæði fyrir keppnis- og almennings íþróttir.

Algengustu áverkar vegna notkunar trampólína eru tognanir og beinbrot en einnig sár og mar. Helstu orsakir slysa eiga sér stað á trampólíninu þegar fleira en eitt barn er á trampólíninu í einu og þau skella saman, eða þau rekast á og annað dettur á gorma eða út af, eða að léttara barnið skýst út af vegna þyngdarmismunar. Alvarlegir áverkar geta komið við það að börn reyna að stökkva heljarstökk og lenda á höfði, baki eða hnakka.

Á Norðurlöndunum eru trampólín einnig vinsæl. Í Danmörku hefur til dæmis orðið töluverð fjölgun áverka af notkun trampólína milli ára. Þrátt fyrir það telja sumir læknar þar í landi að trampólín eigi ekki að banna því að það að hoppa á trampólíni stuðlar að hreyfingu.ⁱ Árið 2005 vildu þó læknar í Bandaríkjunum, sem rannsakað höfðu trampólín slys sl. 12 ár, halda því fram að trampólín væru íþróttatæki en ekki leiktæki og ætti því ekki að selja til einkanota.ⁱⁱ Tölur frá Íslandi um hvar slys verða sýna einnig að fæst slysanna eiga sér stað á svæði fyrir keppnis- og almennings íþróttir þar sem eftirlit með notkun er meira.

Um trampólín gilda ákvæði laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Samkvæmt 2 gr. lagana mega framleiðendur (innflytjendur/dreifingaraðilar vöru) einungis markaðssetja örugga vöru. Í 8 gr. laganna segir m.a. að *við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar: eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar*. Einnig skuli taka tillit til *framsetningu*

vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

Á hverju sumri berast Lýðheilsustöð og Neytendastofu erindi frá einstaklingum sem eru að leita ráða varðandi trampólín. Yfirleitt er ástæðan sú að trampólín er staðsett á hörðu undirlagi og alltof nálægt húsveggjum eða grindverki og oft án öryggisnets. Börnin eru stundum að hoppa mörg í einu samtímis og án eftirlits. Af þessu hafa margir áhyggjur og telja það einungis tímaspursmál að einhver stórslasist vegna rangrar notkunar og skorts á eftirliti húseigenda sem bera ábyrgð á leiktækinu.

Annað sem fólk spyr mikið um er hver tekur ábyrgð á því að börn hoppi á trampólíni sem eru án öryggisnets og eftirlits, og er það löglegt? Það eru engin lög sem mæla svo um að það sé ólöglegt að setja upp trampólín án öryggisnets. Það er undir trampólíneigendum sjálfum komið að setja upp öryggisnet sem telja má að sé eðlileg öryggisráðstöfun. Í leiðbeiningum með trampólíninu kemur m.a. fram að það skuli staðsett á mjúku undirlagi með nægt pláss í kringum og fyrir ofan. Eigandi trampólínsins er ábyrgur fyrir því að tryggja að notendur þess fylgi reglum og fyrirmælum leiðarvísis. Hoppað skal fyrir miðju og aldrei fleiri en einn í einu. Eigendur og umráðamenn trampólína bera því mikla ábyrgð. Það er umfram allt mikilvægt að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum en ennfremur að eigandi trampólíns beri þá ábyrgð að kenna notendum þess rétta notkun.

Þrátt fyrir að ekki séu til lög sem skylda eigendur trampólína að setja á þau öryggisnet vill Lýðheilsustöð og Neytendastofa hvetja neytendur til að hafa öryggisnet á trampólíninu. Netið dregur úr þeirri hættu að notendur trampólína hoppi eða falli út af því og lendi á harðri jörðinni, kastist á húsvegg eða lendi á grindverki. Það að hafa öryggisnet þýðir þó ekki að hægt sé að hafa börn eða unglínga eftirlitslaus á trampólíninu.

Rétt er að minna á það að seljendur trampólína skulu ávallt fylgja lögum um markaðsetningu á vöru og gæta þess að koma nauðsynlegum upplýsingum um vöru til neytenda líkt og segir í lögum nr. 134/1995 sem vísað til hér að ofan. Í staðlinum ÍST EN 13219:2001ⁱⁱⁱ má finna upplýsingar um öryggisviðmið trampólína.

Lýðheilsustöð og Neytendastofa vilja eindregið hvetja neytendur til að kynna sér leiðbeiningar og fara eftir þeim og minna seljendur trampólína á að fylgja ákvæðum laga um öryggi vöru og gæta að nauðsynlegar upplýsingar vöru fylgi til neytenda. Frekari upplýsingar um örugga notkun trampólína má m.a. finna á Lydheilsustod.is. og Neytendastofa.is.

ⁱ <http://nyhederne.tv2.dk/article.php/id-11308062.html>

ⁱⁱ <http://politiken.dk/indland/article117342.ece>

ⁱⁱⁱ Á vefsíðu Staðlaráðs Íslands (<http://www.stadlar.is/um-stadlarad/hvad-er-stadall/>) kemur fram að staðall er opinbert skjal ætlað til frjálsra afnota. Í staðli er að finna reglur, leiðbeiningar eða skilgreiningar sem miða að því að tryggja tiltekna virkni, að hlutir passi og að þeir skili því sem af þeim er krafist.